

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 4. febrúar 2025.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Vilhjálmur Birgisson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Eyþór Árnason og Björg Bjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

Frá Sambandinu: Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Erindi frá VLFS til samstarfsnefndar

Erindið hlaut umræðu á fundum samstarfsnefndar 6. september og 8. nóvember 2024. Ágreiningurinn snerist um greiðslu fastra yfirvinnutíma til forstöðumanns hjá sveitarfélagi, en í gr. 1.5.3 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands segir að forstöðumenn eigi ekki rétt á yfirvinnugreiðslum skv. tímakaupi, en skylt er að ákveða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra, sé yfirvinna nauðsynleg vegna anna í starfi. Slíka þóknun ákveður launagreiðandi með samkomulagi við viðkomandi starfsmann og vitund starfsmannafélagsins, sem í þessu tilviki er Verkalýðsfélag Suðurlands.

Þar sem samkomulag hafði ekki náðst milli starfsmanns og launagreiðanda beindi samstarfsnefndin á fundi 8. nóvember 2024 þeim tilmælum til sveitarfélagsins að skoða meðaltal yfirvinnu síðustu þrjú ár, skoða hvernig þessum málum er háttað hjá forstöðumönnum í sambærilegum stofnunum hjá öðrum sveitarfélögum og byggja á því niðurstöðu um fjölda yfirvinnutíma í samráði við starfsmanninn. Þess var óskað að þessari vinnu yrði lokið innan fjögurra vikna.

Niðurstaða:

Fulltrúar nefndarinnar hafa verið í samskiptum við viðkomandi sveitarfélag og stéttarfélag vegna málsins, en niðurstaða hefur ekki náðst ennþá.

2. Launadreifing

Umræður um launadreifingu munu fara fram á vettvangi stýrihóps um betri vinnutíma, næsti fundur á morgun miðvikudag 5. febrúar. SNS styður að þetta mál verði rætt á þeim vettvangi. Fulltrúar SGS lýsa áhyggjum af því að launadreifing sé rædd á vettvangi vinnutímastyttingar. Björg mun mæta fyrir hönd SGS á fund stýrihópsins, Inga Rún áframsendir fundarboð.

3. Vegna niðurfellingar greinar 3.1.6

Við niðurfellingu á grein 3.1.6 kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands vilja fulltrúar SGS meina að virkur vinnutími starfsfólks mótuneyta hafi lengst.

Greinin hljóðaði svo:

- 3.1.6 *Starfsfólk í mótuneytum hefur ekki reglubundin neysluhlé, en á rétt á að taka kaffihlé þegar aðstæður leyfa og 30 mínútna matarhlé sem telst til vinnutíma. Vegna takmörkunar á matartíma skal telja viðveru starfsmanna 30 mín. styttri en ella hefði verið. Kaffihlé miðað við fullt starf eru 35 mínútur og reiknast hlutfallslega fyrir hlutastarf.*

Afstaða SGS:

Við niðurfellingu á grein 3.1.6 kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands hefur virkur vinnutími starfsfólks mótuneyta lengst daglega um 47 mínútur frá 1. nóvember 2024 m.v. 100% starf.

Fyrir 1. nóvember 2024 – Vinnutími 8:00-16:00 = 100% starfshlutfall

- Viðvera til 15:30 – 30 mínútum styttri en ella á dag.
- Matarhlé telst til vinnutíma – 30 mínútur á dag.
- Kaffihlé telst til vinnutíma – 35 mínútur á dag

Virkur vinnutími: 6 klst. og 25 mín á dag (6,42 klst.)

Eftir 1. nóvember 2024 - Virkur vinnutími og viðvera 8:00-15:12 = 100% starfshlutfall

- Engin föst kaffihlé, enginn greiddur matartími, eins og annað starfsfólk

Virkur vinnutími: 7 klst. og 12 mín á dag (7,2 klst.)

Afstaða SNS:

Fullt starf var áður 40 klst. vinnuvika. Með tilkomu gildandi kjarasamnings var vinnuvikan stytta í 36 klst. virkar vinnustundir hjá öllum starfsmönnum sveitarfélaga og tók breytingin gildi 1. nóvember 2024. Þriðji kafli kjarasamninga var endurskrifaður af samningsaðilum ásamt leiðbeiningum og tók mið af betri vinnutíma. Vinnuvika starfsmanna í mótuneytum var áður 37,5 klst. en er nú 36 klst.

Niðurstaða:

Sambandið mun fara yfir málið og verður það afgreitt á næsta fundi samstarfsnefndar.

4. Önnur mál

Málefni þungaðra kvenna: Kynna þarf minnisblaðið frá árinu 2023 betur fyrir sveitarfélögum, framkvæmdin er sums staðar ekki í samræmi við það, t.a.m. hjá Hafnarfjarðarbæ.

Niðurstaða:

Sambandið mun senda áminningu til sveitarfélaga.

Vaktahvati: Spurt um útreikning vaktahvata þegar starfsfólk snýr úr fæðingarorlofi. Niðurstaðan er sú að ekki skal nota þriggja mánaða meðaltal í þeim tilfellum, en fara með útreikninginn eins og gert er hjá nýjum starfsmönnum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.